

Tillaga stjórna KLÍ til ársþings 2026 um stefnumótun fyrir framtíð keiluíþróttarinnar

Stjórn Keilusambands Íslands leggur til að ársþing sambandsins samþykki að farið verði í formlega stefnumótunarvinnu fyrir framtíð keiluíþróttarinnar á Íslandi.

Markmið vinnunnar verði að móta skýra framtíðarsýn fyrir íþróttina, greina helstu tækifæri og áskoranir og forgangsraða þeim verkefnum sem mikilvægust eru fyrir uppbyggingu, útbreiðslu og eflingu keilunnar til næstu ára.

Í stefnumótunarvinnunni verði meðal annars lögð áhersla á:

- aðstöðumál
- afreksmál
- fjármögnun
- útbreiðslu og sýnileika
- styrkingu regluumhverfis
- stuðning við félög
- fræðslumál
- skýra forgangsröðun verkefna og raunhæfa framkvæmdaáætlun.

Stjórn Keilusambands Íslands verði falið að undirbúa og leiða vinnuna í samráði við aðildarfélög, iðkendur og aðra hagaðila. Niðurstöður stefnumótunarvinnunnar verði lagðar fyrir næsta ársþing sambandsins, ásamt tillögu að aðgerðaáætlun og forgangsröðun verkefna.

Greinargerð

Keiluíþróttin stendur frammi fyrir mikilvægum ákvörðunum um framtíð sína. Til að tryggja markvissa uppbyggingu og skynsamlega nýtingu fjármuna og krafta sambandsins er nauðsynlegt að móta sameiginlega framtíðarsýn og forgangsraða verkefnum með skýrum hætti. Afar mikilvægt er að félögin komið að þessari vinnu frá upphafi og fylgi verkefninu alla leið til enda.

Með formlegri stefnumótunarvinnu skapast vettvangur fyrir opið samtal um stöðu íþróttarinnar, tækifæri til vaxtar og þau verkefni sem skipta mestu máli til framtíðar. Markmiðið er að Keilusamband Íslands hafi skýra stefnu, raunhæf markmið og framkvæmdaáætlun sem styrkir íþróttina til lengri tíma.